

Ed. 325. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 219 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 3 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 4 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 35%, en af tekjuskattsstofni yfir 7 000 000 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

3. gr. hljóðar svo:

68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 525 000 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða sjúkratryggingargjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða sjúkratryggingargjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

4. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 150 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni unfram eitt. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 65 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ætíð vera 280 000 kr. með hverju barni. Þú foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.